

Miðvikudaginn 5. nóvember 1969.

Nr. 40/1969. **Gunnar og Ebenezer h/f og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Benerikt Blöndal hrl.)
gegn
Guðmundi Kjartanssyni og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Flutningur. Lögveð í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, birtri 14. apríl 1969, og krafizt sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1969. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 21.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Gunnar og Ebenezer h/f tókst á hendur flutning á varningi þeim, er í málinu greinir, gegn flutningsgjaldi. Varningurinn spilltist, meðan á flutningi stóð, og hefur nefndur aðaláfrýjandi eigi leitt sönnur að því, að spjöllin hafi orðið, án þess að vanrækslu af hans hendi eða mistökum væri um að kenna. Ber hann því skaðabótaábyrgð á tjóni því, er á varningnum varð, bæði samkvæmt meginreglu í 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og 114. gr. og 116. gr. loftferðalaga nr. 34/1964 og svo samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem í héraðsdómi greinir. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Kjartanssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Guðmundur Kjartansson, Háaleitisbraut 30 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með stefnu, útgefinni hinn 2. desember 1966, á hendur Gunnari og Ebenezer h/f, Ísafirði, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 23.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1966 til greiðsludags ásamt málskostnaði að skaðlausu. Þá hefur stefnandi og krafizt lögveðs í bifreiðinni Í 248 til tryggingar stefnukröfunum. Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað höfuðstól kröfunnar í kr. 21.000.00.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans. Málavextir eru þeir, að hinn 27. ágúst 1966 samdist svo um með stefnanda og fyrirsvarsmönnum stefnda Gunnars og Ebenezers h/f, að fyrirtæki þeirra tæki að sér að flytja búslóð stefnanda frá Ísafirði til Reykjavíkur. Var flutningurinn síðan framkvæmdur með bifreið fyrirtækisins, Í 248, daginn eftir. Bifreiðin er ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Meðal muna þeirra, sem fluttir voru, var slagharpa og útvarpsgrammófónn. Urðu skemmdir á munum þessum í flutningnum. Telur stefnandi, að stefndu beri að bæta sér tjón það, sem hann hefur orðið fyrir af þessum sökum, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Stefnandi hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að er hann hafi spurzt fyrir um það hjá stefnda Gunnari og Ebenezer, hvort pakka skyldi vörunum sérstaklega, hafi annar aðaleigandi fyrirtækisins, Ebenezer Þórarinsson, sagt, að það væri jafnvel verra, heldur skyldi vefja teppi vel um grammófóninn og píanóið. Kveður stefnandi Ebenezer hafa vitnað því til stuðnings til nýlegs búslóðarflutnings frá Ísafirði til Reykjavíkur. Kveður stefnandi búslóðinni svo hafa verið komið fyrir á bifreið stefnda Gunnars og Ebenezers h/f undir stjórn bifreiðarstjóra fyrirtækisins. Stefn-

andi kveður í ljós hafa komið, er bifreiðin kom til Reykjavíkur, að radiógrammófónninn hafi reynzt mölbrotinn og píanóið hafi verið stórskaddað, án þess þó að rispúr eða slíkir áverkar sæjust á þeim eða öðrum munum. Kveðst stefnandi telja ljóst, að mjög ógætilegur akstur hafi valdið skemmdum þessum, og telur, að rekja megi orsakir þess til vanmats bifreiðarstjórans á ástandi vega á leiðinni, enda hafi stórviðri og vatnsgelgur gengið yfir landið, skömmu áður en flutningurinn fór fram, og tætt í sundur og lokað vegum víða á leiðinni. Stefnandi kveður sér ekki hafa verið bent á það af hálfu fyrirsvarsmanna Gunnars og Ebenezers h/f að váttryggja búslóðina í flutningnum og kveður ekkert hafa verið rætt um það við sig, að hann bæri áhættuna af því, að munirnir skemmdust í flutningnum. Stefnandi kveðst hafa beðið bifreiðarstjóra þann, sem ók bifreiðinni, Jón Ólaf Sigurðsson, að aka varlega. Kveðst stefnandi hafa gert þetta, þegar þeir voru að ferma bifreiðina, enda kveðst hann hafa vitað, að Jón var ekki vanur ökumaður og hafði lent í óhöppum. Kveður stefnandi Jón þá hafa spurt sig að því, hvort hann hefði ekki váttryggt búslóðina. Kveðst stefnandi hafa svarað því neitandi og kveðst hafa sagt Jóni, að búslóðin væri tryggð í flutningi hjá stefnda Gunnari og Ebenezar. Kveður stefnandi Jón hafa talið, að varningurinn væri ekki tryggður, en hann hafi ekki verið viss um það. Stefnandi kveður búslóðina aðallega hafa verið flutta á einni bifreið og hafi greindir hlutir verið í henni. Nokkrum dögum síðar hafi stefndi Gunnar og Ebenezer h/f flutt það af búslóðinni, sem eftir var. Stefnandi kveðst samtals hafa greitt kr. 15.200.00 fyrir flutninginn, en þar með hafi verið talinn flutningur á búslóð móður hans, sem einnig hafi verið þarna með. Ekki kveðst stefnandi hafa fengið kvittun í hendur, er hann afhenti búslóðina til flutnings. Ekki kveðst hann heldur hafa fengið fylgibréf. Stefnandi kveðst hafa keypt umræddan útvarpsgrammófón nýjan fyrir um það bil 8—10 árum og kveður sig minna, að söluverð hans þá hafi verið kr. 14.000.00. Hann kveður tækið hafa verið í lagi, þegar það var afhent til flutnings. Ekki kveðst hann þekkja til þess, að á tækinu séu sérstakar skráfur eða spennur, sem ætlaðar séu til að stilla tækið í sambandi við flutninga. Hann kveður tækið vera af gerðinni Telefunken og í því vera plötuspilara, segulbandstæki og útvarp. Við flutninginn kveður hann kassa tækisins allan hafa mölbrotnað. Hann kveður útvarpið hafa farið úr lagi svo og plötuspilarann, en hann kveðst telja, að segulbandstækið sé í lagi. Stefnandi kveður slaghörpuna vera að

minnsta kosti ellefu ára gamla, en vel geti verið, að hún sé eldri. Hann kveður slaghörpuna hafa verið í lagi, þegar hún var afhent til flutnings, en kveður hana ekki hafa verið stillta s.l. 10 ár. Við flutninginn kveður hann hjólin hafa verið á slaghörpunni og kveður þau ekki hafa verið skorðuð í flutningabílnum.

Ebenezer Þórarinnsson, einn af hluthöfum fyrirtækisins Gunnar og Ebenezer h/f og starfsmaður þess, hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að hann muni að vísu ekki eftir samtali því, sem stefnandi kveður þá hafa átt, en hefur þó ekki viljað synja fyrir, að það hafi farið fram. Ebenezer kveður starfsmenn fyrirtækisins segja öllum, sem þeir flytja fyrir, að rétt sé að tryggja slíkan varning. Hann kveðst einnig hafa sagt stefnanda þetta, áður en búslóð hans var flutt til Reykjavíkur, þó að hann muni ekki, hvar eða með hverjum hætti það samtal fór fram. Ebenezer kveður stefnanda hafa sagt sér sama kvöldið og búslóðin kom til Reykjavíkur, að greindir munir hefðu skemmt. Kveður hann þá hafa rætt málið og kveðst ekki hafa skilið stefnanda betur en svo, að hann, þ. e. stefnandi, teldi hér vera um sína eigin sök að ræða, þar sem hann hefði ekki tryggt vörurnar. Kveður Ebenezer stefnanda jafnframt hafa getið þess, að hann hefði orðið of seinn að tryggja vörurnar, en þetta hafi verið á laugardegi og búið hafi verið að loka váttryggingarskrifstofunni á Ísafirði. Ebenezer kveðst telja, að í þeirri ábendingu til viðskiptavina, að þeir þurfi að tryggja vörur sínar, felist það, að fyrirtækið Gunnar og Ebenezer h/f undanskilji sig ábyrgð á farminum í flutningnum. Ekki kveðst Ebenezer vita, hvort fylgibréf hafi verið gefið út í sambandi við flutninginn.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að fyrirtækið Gunnar og Ebenezer hafi tekið að sér flutning á munum þeim, sem fyrir skemmdunum urðu, gegn gjaldi, og beri því fyrirtækið og ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar, sem flutti munina, stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, óskipta fébótaábyrgð á tjóninu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 67. gr. og 1. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ógætilegur akstur hafi valdið tjóninu. Er því mótmælt, að stefnandi sé á nokkurn hátt meðvaldur eða meðábyrgur fyrir tjóninu, enda hafi bifreiðarstjóri sá, sem varninginn flutti, séð um feringu bifreiðarinnar. Verði eigi á þetta fallið, þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að ábyrgð verði felld á stefnda Gunnar og Ebenezer h/f sem farmflytjanda með lögjöfnun frá ákvæðum 96. gr. og 103. gr. siglingalaga. Verði heldur eigi á þetta fallið, þá er

fébótaábyrgð stefnda Gunnars og Ebenezers h/f byggð á því, að tjónið stafi af ógætilegum akstri bifreiðarstjórans á Í 248, er verið hafi starfsmaður fyrirtækisins, en á slíku tjóni beri stefndi Gunnar og Ebenezer h/f ábyrgð sem vinnuveitandi.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að tilvik það, sem hér er fjallað um, falli ekki undir ábyrgðarreglur 67. gr. umferðarlaga. Tjónin hafi ekki hlotizt af ökuóhappi, sem stafi af hinum sérstöku hættueiginleikum bifreiðar, heldur hafi það orðið sökum eðlis munanna og hins lélega ástands þeirra. Þá er því og haldið fram, að tjónið verði ekki rakið til þess, hvernig hleðslu munanna í bifreiðina var háttað. Fari svo, að ábyrgðarregla 67. gr. umferðarlaga verði talin taka til tilviks þessa, þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að bætur beri að fella niður eða lækka samkvæmt ákvæði 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, þar sem stefnandi hafi sjálfur þekkt vel ástand munanna og hafi séð um hleðslu þeirra á bifreiðina ásamt bifreiðarstjóranum. Einnig er bent á það í þessu sambandi, að stefnandi sé kaupmaður og hafi vitað, hvernig búa þurfti um munina, en hann hafi í sama skipti einnig flutt með bifreiðinni verzlunarvarning. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigi sé í tilviki þessu grundvöllur til að beita lögjöfnun frá reglum siglingalaga, en ef svo verði gert, þá beri að sýkna stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f af kröfum stefnanda. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigi sé grundvöllur til að fella á ábyrgð samkvæmt reglu íslenzks réttar um fébótaábyrgð vinnuveitanda á skaðabótaskyldum verkum starfsmanna sinna, en ef það verði gert, þá beri að sýkna stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f af kröfum stefnanda og verði þá heldur eigi dæmdur lögveðréttur í bifreiðinni Í 248. Þá var því að lokum haldið fram af hálfu stefndu, að þótt talið verði, að grundvöllur fébótaábyrgðar kunni að hafa verið fyrir hendi, þá hafi fyrirsvarsmenn stefnda Gunnars og Ebenezers h/f bæði munnlega og með fyrirvara í fylgibréfi, sem stefnanda hafi verið afhent, undanskilið sig ábyrgð á tjóni á munum þeim, sem fluttir voru fyrir stefnanda, en verði það talið ósannað, hafi stefnanda mátt vera ljóst, að fyrirtækið undanskildi sig slíkri ábyrgð, og verði eftir öllum atvikum að líta svo á, að um það hafi stofnast samningur með aðiljum.

Það er ágreiningslaust, að tjón hafi orðið á útvarpsgrammófóni þeim og slaghörpu, sem fyrirtækið Gunnar og Ebenezer h/f flutti fyrir stefnanda frá Ísafirði til Reykjavíkur. Fyrirtækið framkvæmdi flutning þennan gegn endurgjaldi. Verður því að telja,

að stefnda Gunnari og Ebeezer h/f beri samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga að bæta stefnanda tjón það, sem á munum þessum varð í flutningnum. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að hann hafi fengið í hendur fylgibréf, þar sem fyrirtækið hafi undanskilið sig ábyrgð á slíku tjóni. Er og ósannað, að fyrirsvarsmenn fyrirtækisins hafi með öðrum hætti undanskilið sig slíkri ábyrgð eða að stefnanda hafi mátt vera ljós vilji þeirra til þess. Það verður að telja, að stefnandi hafi sýnt af sér nokkurt andvaraleysi við umbúnað munanna undir flutning, og að meta verði það honum til lækkunar bóta samkvæmt ákvæði 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Eftir öllum atvikum þykir sétt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur að $\frac{1}{4}$ hluta, en stefndi Gunnar og Ebenezer h/f bæti honum $\frac{3}{4}$ hluta þess. Undir rekstri málsins hefur verið fallið frá tölulegum mótmælum gegn fjárhæð dómkröfu stefnanda, eins og hún er endanlega sett fram. Verður því að leggja til grundvallar, að tjón stefnanda hafi numið samtals kr. 21.000.00, tjónið á slaghörpunni kr. 7.500.00 og tjónið á útvarpsgrammófóninum kr. 13.500.00, eins og það er sundurliðað af stefnanda. Verður stefndi Gunnar og Ebenezer h/f því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15.750.00, og samkvæmt ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga verður stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Í 248, sem munina flutti, dæmdur til að greiða fjárhæð þessa óskipt með stefnda Gunnari og Ebenezer h/f. Þá verða stefndu og dæmdir til að greiða óskipt 7% ársvexti af hinni dæmdu fjárhæð frá 1. september 1966 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 5.800.00. Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni Í 248 fyrir dæmdum fjárhæðum samkvæmt ákvæði 69. gr. umferðarlaga.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra og Ottó Ryel hljóðfærasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Kjartanssyni, kr. 15.750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1966 til greiðsludags og kr. 5.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni Í 248 fyrir dæmdum fjárhæðum.
